

Nr. 26

9. júní 1973

HRÁEFNI TIL FISKIÐNAÐAR

GEYMSLA Á SÍLD Í KÆLDUM SJÓ  
Jóhann Guðmundsson

Sjókæling hefur verið talsvert til umræðu á Íslandi undanfarin ár. Geymsluaðferð þessi var vart notuð fyrr en á árunum upp úr 1950 að farið var að beita henni við geymslu og flutninga einkum á laxi og lúðu í Kanada.

Ótvíræður kostur við aðferð þessa er, að hægt er að taka við miklu magni af fiski til kælingar á skömmum tíma og myndi það henta vel við nótaveiðar.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gerði því nokkrar tilraunir með geymslu á síld í kældum sjó á árunum 1965-1967. Notaðir voru 500 l tankar við tilraunirnar. Niðurstaðan var sú, að síldin varð hreisturslaus að mestu og ennfremur var hluti síldarinnar talsvert blóðlitaður, ef síldin var sett lifandi í tankana. Hins vegar virtist geymslupolið svipað og í ísaðri síld.

Ekki voru þá tók á því að gera tilraunir í stórum stíl, þrátt fyrir það að eitt íslenskt fiskiskip væri með sjókælitanka, þar eð verulegir gallar voru á þeim útbúnaði og reyndist tankurinn ekki nothæfur er til átti að taka.

Norðmenn hafa sett sjókæliútbúnað í allmarga báta er veiða með nót og ennfremur eru 10-20 færeyskir bátar með þessum útbúnaði og hafa þeir landað síld í Hirtshals og Skagen.

Frásagnir af bátum þessum og þeirri reynslu, er fengizt hefur af sjókælingunni við þessar aðstæður, hafa verið mjög mismunandi og því erfitt að átta sig á notagildi aðferðarinnar eftir þeim.

Undirritaður var staddur í Hirtshals og Skagen síðast liðið sumar og ræddi þar við ýmsa aðila, m.a. danska fiskmatið og rannsóknastofnunina, um gæði síldar, er landað er í þessum höfnum. Öllum, er rætt var við, bar saman um, að síld er flutt væri í tönkum væri lélegri og hefði minna geymsluþol en síld ísuð í kassa. Um tíma s.l. sumar var ekki tekið á móti síld úr tönkum, og seinni hluta ágústmánaðar var ekki tekið við slíkri síld á laugardögum vegna lélegs geymsluþols, að sagt var.

Þeir tankbátar er lönduðu afla sinum í dönskum höfnum á þessu tímabili, stunduðu veiðar á Hjaltlandsmiðum og notuðu yfirleitt ekki kælitankana, en ísuðu þess í stað síldina í kassa.

Sagt var að tankarnir væru notaðir, þegar síld veiddist á náglægum miðum.

Undirritaður sá þó makríl, er landað var úr kælitank og hafði hluti aflans jafnframt verið ísaður í kassa. Aflinn var eins til tveggja sólarhringa gamall. Makrillinn er geymdur var í kælitank var lélegur og lyktaði illa, og fór hluti hans til mjölvinnslu, en sá hluti aflans, er ísaður var í kassa var vel ferskur.

Svo sem áður er tekið fram var niðurstaða geymslutilrauna er Rannsóknastofnunin framkvæmdi sú, að geymsluþol síldar í kældum sjó væri svipað og ísaðrar síldar. Erfitt er að segja til um hvað veldur þessum mismun á niðurstöðum Rannsóknastofnunarinnar og þeirri reynslu, er fengizt hefur af sjókældri síld í dönskum höfnum. Verið getur að sérstök vandamál komi upp ef tankar eru stórir, ennfremur gæti verið að þrif eða eitthvað annað í sambandi við kælitankana sé ekki fullnægjandi.

Meðan ekki er hægt að benda á neina sérstaka galla í sambandi við sjókæliútbúnaðinn, er valda því að árangurinn er svo lélegur og bæta mætti úr, er ekki hægt að ráðleggja íslenskum aðilum að taka þessa geymsluaðferð upp við síldveiðar, ef geyma þarf síldina eitthvað að ráði.